

50. ársþing BLÍ, haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í Reykjavík, miðvikudaginn 27. apríl 2022, kl. 16:30

### 1. Þingsetning, kosning þingforseta og ritara

Grétar setti þing og tilnefndi Hafstein Pálsson sem þingforseta, samþykkt  
Pálmi og Hrafnhildur tilnefnd sem ritarar, samþykkt  
Hafsteinn tekur til starfa

### 2. Kosning í starfsnefndir þingsins;

- a) Kjörbréfanefnd, lagt til að Steinn sé formaður, samþykkt samhljóða.
- b) Fjárhagsnefnd, lagt til að Dagbjört sé formaður, samþykkt samhljóða.
- c) Laganefnd lagt til að Grétar sé formaður, samþykkt samhljóða.
- d) Allsherjarnefnd, lagt til að Sigurbjörn Árni sé formaður, samþykkt samhljóða.

### 3. Skýrsla stjórnar

Grétar fer með skýrslu stjórnar

Grétar afhendir Sævari Má Guðmundssyni fráfarandi framkvæmdastjóra BLÍ, gullmerki BLÍ með miklum þökkum fyrir vel unnin störf fyrir blakhreyfinguna undanfarin ár.

Steinn gerir grein fyrir kjörbréfum, 28 manns á kjörbréfum, 26 mættir frá 11 félögum  
Kjörbréf samþykkt samhljóða með fyrirvara um bréf frá blakfélagi Hafnarfjarðar sem verið er að útvega.

### 4. Reikningar síðasta starfsárs

Reikningar kynntir af gjaldkera stjórnar, engin umræða var um reikninga. Þingforseti ber þá upp til samþykktar og eru þeir samþykktir samhljóða.

### 5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ

Andri kemur með kveðju ÍSÍ frá forseta, stjórn og starfsfólki

Punktur frá Andra að sýna áætlun fyrra árs með ársreikningum

### 6. Ávarp annarra boðsgesta

Lennart, Pálmi og Guðmundur Helgi

Kjörbréfanefnd klárar og gerir grein fyrir því að þeim hafa borist 12 kjörbréf, þar eru löglegir 29 fulltrúar og af þeim eru 27 mættir og með atkvæðisrétt.

Gjaldkeri lagfærir reikninga, það var rangt ár í prentaða skjalinu, það var 2019 en ekki 2020 eins og átti að vera. Þarf að uppfæra skýrsluna með réttum upplýsingum

## 7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Grétar fer yfir fjárhagsáætlunina og tekur undir punktinn frá Andra um að birta áætlun með reikningi.

Mótagjöld hækka ekki, stefnt á fjölgun

Yfirstjórn og íþróttaleg viðskipta fara aðeins eftir skólaverkefninu

Þetta eru hæstu rekstrartölur sem hafa verið í áætlun blaksambandsins frá upphafi.

Forseti vísar áætlun í fjárhagsnefnd og svo til umræðu eftir það.

Grétar kynnir tillögur sem liggja fyrir þinginu og forseti vísar þeim jafnóðum til nefnda:

Tillögu nr. 1 “Reglugerðarbreytingar mótanefndar” er vísað til allsherjarnefndar

Tillögu nr. 2 “Breytingartillaga á reglugerð um íslandsmót og úrslitakeppni frá Fylki” er vísað til allsherjarnefndar.

Tillögu nr. 3 “Breyting á bikarhelginni frá Hamar” er vísað til allsherjarnefndar.

Tillögu nr. 4 “Breytingar á mótafyrirkomulagi frá Hamar” er vísað til allsherjarnefndar.

Tillögu nr. 5 “Breytingar á reglugerð um öldungamót frá Óskari Þórðarsyni” er vísað til allsherjarnefndar.

Tillögu nr. 6 “Uppfærsla á lögum BLÍ frá ÍSÍ” er vísað til laganefndar.

Tillögu nr. 7 “Breytingar á reglugerð um mótahald yngri flokka frá mótanefnd” er vísað til allsherjarnefndar.

## 9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið

Engar tillögur eða önnur mál voru lögð fram.

## 10. Umræður um framkomin mál og tillögur

Forseti fellir þennan lið niður að svo stöddu þar sem umræða um tillögur verður tekin eftir nefndarstörf.

Þinglé --- kl. 18:30

Verðlaunaafhendingar til leikmanna fyrir "Lið ársins 2021-2021" voru veittar í þingléi.

11. Nefndarstörf

12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur

Fjárhagsáætlun Umræða úr fjárhagsnefnd er þannig að áætlun er samþykkt þaðan, en tilmæli til stjórnar um að áætlun verði ítarlegri og með meiri sundurliðun. Einnig bárust tilmæli um að ársreikningur innihéldi áætlun síðasta árs. Áætlun samþykkt með tilmælum til stjórnar.

Sigurbjörn Árni gerir grein fyrir starfi allsherjarnefndar. Mikill áhugi á því sem var vísað í allsherjarnefnd og mjög góðar umræður.

Tillaga nr. 1 "Reglugerðarbreytingar mótanefndar" er afgreitt úr nefnd með smávægilegum breytingum, þingforseti ber upp lið fyrir lið og að lokum í heildina og er tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 2 "Breytingartillaga á reglugerð um íslandsmót og úrslitakeppni frá Fylki" er afgreitt úr nefnd með tillögu um að vísa henni frá. Þingforseti leggur fram tillögu um frávísun sem er samþykkt.

Tillaga nr. 3 "Breyting á bikarhelginni frá Hamar" er vísað til allsherjarnefndar. er afgreitt úr nefnd með tillögu um að vísa henni frá. Þingforseti leggur fram tillögu um frávísun sem er samþykkt.

Tillaga nr. 4 "Breytingar á mótafyrirkomulagi frá Hamar" er vísað til allsherjarnefndar. er afgreitt úr nefnd með tillögu um að vísa henni frá. Þingforseti leggur fram tillögu um frávísun sem er samþykkt.

Tillaga nr. 5 "Breytingar á reglugerð um öldungamót frá Óskari Þórðarsyni" er vísað til allsherjarnefndar. er afgreitt úr nefnd með tillögu um að vísa henni frá. Þingforseti leggur fram tillögu um frávísun sem er samþykkt.

Tillaga nr. 6 "Uppfærsla á lögum BLÍ frá ÍSÍ" er vísað til laganefndar. Er afgreitt úr nefnd með tillögu um samþykki. Þingforseti leggur tillöguna fram óbreytta sem er samþykkt samhljóða.

Tillaga nr. 7 "Breytingar á reglugerð um mótahald yngri flokka frá mótanefnd" er vísað til allsherjarnefndar. Er afgreitt úr nefnd með tillögu um samþykki. Þingforseti leggur tillöguna fram óbreytta sem er samþykkt samhljóða.

### 13. Ákveðið gjald ævifélaga

Óbreytt.

### 14. Önnur mál

a. Gunna Stína þakkar Sævari góð störf og býður Pálma velkomin. Spyr um þjálfaranámskeið, eru pappírar fyrir þá sem klára, eru til upplýsingar um þá sem hafa klárað námskeið, t.d. setja inn þjálfara með réttindi á heimasíðu. Setja á heimasíðu upplýsingar um þjálfaramenntun og hvað er innifalið hvar og í hvaða réttindum, hvaða réttindi þarf til að þjálfra hvern flokk o.s.frv.

Hún hrósaði skólablaki, og vill fá sameiginlega auglýsingu fyrir allt landið, samnýta hönnun og útlit fyrir alla sem að þessu koma, þeas félögin sem eru um allt land og taka þátt. Tímasetningin er of seint í lok nóv. Mætti vera fyrr þegar börnin eru að byrja að velja sér íþróttagreinir. Nota tímann þegar fótboltahúsin eru ennþá laus og boltinn er að æfa úti. Byrja fyrr á haustin.

Hérðasmótin virka ekki fyrir sunnan. Hún kallar eftir betra samtali milli þjálfara og/eða félaga því það gengur ekki að halda þessi mót fyrir sunnan. Þarf að bæta þetta!

Hrósaði stjórn og mótanefnd fyrir bikarkeppni og að þau sendu tilmæli á liðin varðandi búninga.

Kallar eftir meiri hugsun fyrir því að liðin mæti ekki í eins búningum, þetta gerðist í fyrra að lið í úrvalsdeild kvk mætti í nákvæmlega eins búningum og annað lið.

Þegar BLÍ heldur mót í neðri deildum vill hún að það sé borin virðing fyrir mótinu. Vísar í tilvik þar sem leikur var í gangi, staðan var 14-11 þegar kom í ljós að leikmaður annars liðsins var ekki á skýrslu svo leikurinn var blásinn af með sigri hins liðsins 3-0. Þetta á ekki að vera boðlegt þegar um íslandsmót er að ræða, sama hvaða deild um ræðir.

Sigurbjörn Árni kemur upp.

Fer yfir reglurnar varðandi atvikið sem Gunna Stína vísaði í og segir frá því að dómari hefur úrslitaákvörðun varðandi dómgæslu leiksins og hægt er þá að kæra leikinn eftir eftir þar til bærum leiðum.

Arnar frá KA kemur upp.

Varðandi mótastjóra í neðri deildum, hann talar um að þegar hann var mótastjóri þá vantaði hann meiri upplýsingar um hlutverk mótastjóra, auk þess að vanta meiri upplýsingar um forritið og ýmislegt í kringum umgjörð leiksins.

Finnst góð hugmynd að senda leikmenn í efstu deild á dómaramámskeið, amk. á örnámskeið.

Grétar Eggertsson kemur upp.

Flott að fá umræðuna, það sem stjórn tekur til sín er fyrst og fremst að skerpa á umgjörðinni um mótin og þeirra sem vinna við þau.

Svarar spurningum Gunnu Stínu varðandi þjálfaramenntun og segir það standa til að skerpa á upplýsingum um bæði þá sem eru með menntun og upplýsingum um menntunina sjálfa. Segir frá hugmyndum um samræmingu þjálfaramenntunar með NEVZA löndunum.

Segir að það sé vilji til að hald utan um starfsmenn, eiga lista yfir þá sem hafa menntun og kunna á hlutverkin í kringum leiki og framkvæmd leikja.

Sammála því að markaðssetja skólablak með samræmdum hætti, t.d. að samræma útlit auglýsinga, kynningarefnis og fl. Það er margt sem við lærðum af síðasta vetri og síðasta átaki sem á eftir að skoða betur og nota til hliðsjónar þegar þetta verður skipulagt næst.

Segir frá því að hann sé að horfa til lengri tíma og að þetta verði vonandi það stór viðburður að það verði eftirsóknarvert að taka þátt, og jafnvel að þetta verði að stórmótum, landshlutamótum sem gætu endað í stóru móti.

Talar um að hluti af vandamálinu við slakt gengi hérðasmóta fyrir sunnan sé etv. að það vanti fleiri félög í rvk sem stunda blak.

Umræða um að etv. Þurfi að skerpa á reglum varðandi það að aðalbúningur sé AÐAL hvort sem leikið sé heima eða að heiman og varabúningar aðeins notaður ef aðalbúningar beggja liða séu of líkir.

Þingforseti setur fram hugmynd um að BLÍ þurfi etv að samþykkja búninga allra liða í upphafi keppnistímabils, líkt og gert er hjá t.d. KSÍ.

Athugasemd barst úr sal um að það hafi ekki alltaf verið upplifun að það hafi vantað uppá umgjörð á mótum í neðri deild heldur hafi þetta oft líka gengið mjög vel. Einnig var nefnt að áhugavert væri að setja kröfur um að leikmenn í efstu deild fari á dómaramámskeið.

Mikill vilji til að kenna fleiri einstaklingum frá félögunum á þau tölvukerfi sem eru notuð við framkvæmd móta og leikja. En komið inná að þá þurfi fleiri frá félögunum að mæta á námskeið!

Umræða um dómgæslu og að etv. Vanti endurgjöf til dómara eftir leiki sem greinir frammistöðu viðkomandi í leiknum.

15. Kosningar;

Framboð til stjórnar til tveggja ára:

Hrafnhildur Theodórsdóttir og Auður Ösp Jónsdóttir, samþykktar með lófataki.

Varastjórn:

Ásta Sigrún Gylfadóttir, Hjördís Eiríksdóttir og Rósborg Halldórsdóttir samþykktar með lófataki.

Skoðunarmenn reikninga:

Hjörtur Bjarki Halldórsson og Davíð Búi Halldórsson samþykktir með lófataki.

Áfrýjunardómstóll BLÍ:

Aðalmenn: Benedikt Baldur Tryggvason, Jón Þór Þorvaldsson og Stefán Daníel Jónsson samþykktir með lófataki.

Varamaður: Unnur Elva Hallsteinsdóttir samþykkt með lófataki.

Aga og úrskurðarnefnd BLÍ

Aðalmenn: Brynjar Júlíus Pétursson, Hreggviður Norðdahl og Þorvaldur Sigurðsson samþykktir með lófataki.

Þingslit:

Grétar þakkar fráfarandi stjórn og framkvæmdastjóra. Fer yfir landsliðsverkefni í náninni framtíð sem eru töluverð, bæði SCA mót í Mosfellsbæ og Færeyjum og svo undankeppni evrópumóts hjá bæði karla og kvennaliðum í haust. Fer yfir að á næstunni verði stefnumótun sem félögin eru hvött til að taka virkan þátt í. Ítrekar mikilvægi þess að hafa gaman af því sem við erum að gera.

Þingforseti þakkar fyrir gott þing og slítur þingi með þeim skilaboðum að við skoðum hvort ástæða sé til breytinga á dagskrá og framkvæmd þingsins sem eflir starfið og gerir okkur kleift að horfa meira til stefnumótunar og framtíðar en ekki liggja of mikið yfir orðalagsbreytingum í lögum og reglugerðum á þingum.

Þingi slitið kl.21:57